

Námskrá 3. bekkur

Verkgreinar/textílmennt

Textílmennt: Námsgreinin byggir á rótgróinni handverkshefð, sem hefur þróast í takt við þarfir breyttra tíma og breyttrar áherslu í menntun og uppeldi. Textílnám byggist m.a. á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Mikilvægt er að nemendur kynnist umhverfisvernd, endurnýtingu og sjálfbærni.

Vinnulag: Nemendum er kennt í hóp. Sýnikennsla fer fram fyrir hvern og einn nemanda. Einnig munnlegar leiðbeiningar. Allir nemendur fá sömu verkefni en vinna mismikið í þeim.

Námsmat: Nemendur fá hæfnieinkunn að vori sem byggð er á símati/leiðsagnarmati.

Kennarar: Þórunn M. Eggertsdóttir.

Tímaáætlun: Kennt er í lotum og eru þær fjórskiptar. Kennsla er tvisvar í viku í 80 mínútur í senn.

- ★ Framúrskarandi
- ✓ Hæfni náð
- ◇ Á góðri leið
- Þarfnast þjálfunar
- ✗ Hæfni ekki náð

Námskrá 3. bekkur

Grunnþættir menntunar:	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	• beitir rétttri líkamsstöðu við vinnu sína, • nýtir styrkleika sína í vinnu, • hefur sjálfstraust til að fara eigin leiðir að markmiðum sínum, • gætir öryggi síns og annarra í meðferð efna og áhalda.
Jafnrétti	• sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum, • tekur tillit til skoðana annarra og verka, • þekkir og virðir mismunandi hefðir í fjölmennningar þjóðfélagi.
Lýðræði og mannréttindi	• kemur fram við aðra af tillitssemi og virðingu, • temur sér siðferðileg gildi í umgengni sinni við aðra, • vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnninn hátt, • ber virðingu fyrir eigin gildismati og annarra.
Læsi	• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast þeim, • er læs á menningu og menningarverðmæti, • er læs á mismunandi listform, • er læs á tækni og getur nýtt sér leiðbeiningar við hönnun og sköpun.
Sjálfbærni	• notar leiðbeiningar á sjálfstæðan hátt við vinnu sína, • sýnir frumkvæði og sjálfstæði og tekur virkan þátt í verkefnum, • þróar með sér gagnrýna hugsun og nýtir hana á uppbyggilegan hátt, • tileinkar sér nýtni og nægjusemi, • áttar sig á eigin vistspori og hnattvænum áhrifum þess, • temur sér heilbrigða lífshætti og hagsýni og upplifir sig sem hluti af heild, • hefur vilja til náttúruverndar og virðingu fyrir fjölbreytileika náttúru og mannlífs.
Sköpun	• sýnir frumkvæði og nýtir tæknina á skapandi hátt, • nýtir hæfileika sína á skapandi hátt, • tekur þátt í skapandi menningarstarfi, • leitar lausna á eigin forsendum og mótar viðfangsefni eftir eigin áætlun.

Námskrá 3. bekkur

Textílmennt við lok 3. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið:
Handverk, aðferðir og tækni - notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. - unnið eftir einföldum leiðbeiningum. - unnið úr nokkrum gerðum textílefna.	- Ýmis gögn og uppskriftir frá kennara. - Facebook síða FÉTEX, Félag textílkennara, ýmsar hugmyndir og verkefni. - Myndbönd og/eða umræður um efnisfræði.	- munleg fyriræli og sýnikennsla frá kennara. - vaxandi hugarfar og seigla í vinnubrögðum.	Að nemandi: - læri að nota snið. - læri að nota áhöld sem tilheyra greininni og þjálfast í að nota þau. - þjálfist í að klippa efni. - þjálfist í að nota tituprjóna. - læri undirstöðuatriði í vélsaumi. - þjálfist í að fara eftir munnlegum leiðbeiningum.
Sköpun, hönnun og útfærsla - skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. - gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.		- sjálfstæð vinnubrögð. - skýr innlögn verkefna. fyrirmýndarverkefni (sýnishorn).	Að nemandi: - geti unnið úr nokkrum gerðum textílefna t.d. bómullarefni, tróði, filtefni og fl. - þjálfist í að velja saman liti og munstur að eigin vali og raða saman. - læri að vanda frágang.
Menning og umhverfi - sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. - notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.		- góð nýting á hráefnum. - vinna verkefni úr endurnýttum efnum (bútasauksormur).	Að nemandi: - vinni verkefni með endurnýttu hráefni. - læri um munstur textílefna og þjálfist í að teikna munstur.



Námskrá 3. bekkur